

Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Haldinn mánudaginn 7. nóvember klukkan 16:45 að Síðumúla 15.

Mætt voru: Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

Erindi afgreidd milli funda:

Aukin dómaraáttindi voru samþykkt af stjórn að beiðni sýningadómaranefndar, en í tengslum við októbersýningu félagsins voru haldin fjögur sýningadómarapróf.

Ásta María Guðbergsdóttir í Whippet, Sóley Ragna Ragnarsdóttir í miniature Pincher, Þórdís Björg Björgvinsdóttir í íslenskum fjárhundi og Sóley Halla Möller í Papillon/Phaléne.

Erilsamt var hjá stjórn HRFÍ og stjórn RA.ehf að ganga frá kaupum á nýrri fasteign félagsins, en skrifað var undir samninginn þann 18. október síðastliðinn. Þá eru ýmis önnur samskipti sem hafa farið manna á milli vegna kaupanna.

Skrifstofa félagsins:

Auglýst hefur verið laus staða á skrifstofu félagsins. Auglýst er í fullt starf og mun starfsmaður sinna almennum skrifstofustörfum ásamt því að koma að flestum þeim verkefnum sem skrifstofa sinnir. Umsóknarfresti var breytt en hann rann út þann 1. nóvember síðastliðinn og margar umsóknir hafa borist og verða yfirfarnar á næstu dögum.

Dagskrá veiðiprófa fyrir árið 2023

Uppröðun veiðiprófa fyrir starfsárið 2023 barst frá veiðiprófanefnd til stjórnar HRFÍ til samþykktar þann 12. október síðastliðinn. Erindi móttakið og verður afgreitt milli funda.

Húsnæðismál

Næstu skref í húsnæðismálum rædd. Hugmyndir um að stofna framkvæmdanefnd sem myndi halda utanum áframhaldandi málefni húsnæðisins. Ákveðið að óska eftir félagsmönnum til að aðstoða við það verkefni að koma nýja húsnæðinu í það horf sem við þurfum á að halda.

Tillaga að frétt til birtingar á heimasíðu:

Húsnæðismál

Til hamingju kæru félagsmenn en Hundaræktarfélagið hefur gengið frá kaupum á efri hæð fasteignarinnar að Melabraut 17 í Hafnarfirði. Á félagsfundum sem haldinn var 3. október 2022 samþykktu félagsmenn að gengið yrði frá kaupum á fasteigninni. Um er að ræða um 450 m² húsnæði á einni hæð og er húsnæðinu ætlað að hýsa skrifstofur félagsins auk þess að vera félagsheimili félagsmanna þar sem hægt er að sinna ýmiskonar vinnu með hundum.

Áður en hægt er taka húsnæðið í notkun þurfa að eiga sér stað endurbætur á húsnæðinu sem m.a. fela í sér að fara í umtalsverðar endurbætur á skrifstofurýminu. Þarf að teikna rýmið, rífa allavega að hluta þess og byggja upp að nýju. Þá þarf að mála, setja upp geymslurými og fleira. Eru þeir félagsmenn sem eru liðtækir í að aðstoða við slíka vinnu beðnir um að senda upplýsingar um það á stjórn félagsins (stjorn@hrfi.is) þar sem fram kemur með hvaða hætti þeir geta liðsinnt í þessu verkefni.

Meðfylgjandi væri svo hlekkur af fundargerð af félagsfundinum 3. október 2022 og þá kynningu sem farið var yfir á fundinum.

Ingibjörg er búin að óska eftir tilboðum í tryggingar og orku og beðið er eftir svörum.

Svæðafélag Norðurlands

Svæðafélag Norðurlands óskar eftir að haldið verði hringstjóra og ritaranámskeið á Norðurlandi fyrir áhugasama félagsmenn. Bent er á að margir komi til Reykjavíkur í tengslum við sýningar félagsins og gætu kraftar þeirra nýst við framkvæmd sýninganna. Stjórn fagnar þessu og vísar erindinu til Sýningarstjórnar.

Erindi frá félagsmönnum

Erindi barst frá félagsmanni sem óskar eftir því að fram á HRFÍ síðunni komi fram hvaða ræktanir eru útilokaðar frá HRFÍ, hversu lengi viðkomandi ræktanir eru útilokaðar og hlekkur á dóminn frá siðanefnd. Stjórn tók vel í ábendinguna og erindið tekið til skoðunar.

Félagsmaður sendir erindi vegna fundargerða, þá fundargerð aðalfundar félagsins, félagsfundar vegna húsnæðismála og svo hversu seint fundargerðir stjórnarfunda berast á netið. Stjórn tekur gagnrýnina til sín og biðst velvirðingar.

Erindi barst frá félagsmanni sem hafði við ættbókarskráningu hvolpa óskað eftir

ræktunarbanni á skráða hvolpa með þeim rökum að hvolparnir héldu „ræktunarlínu“ eins og ræktandi segir í erindinu. Í erindi sínu óskar ræktandi eftir því að aflétt verði banni af ættbókarfærðum hundi úr sinni ræktun, þar sem eigandi hundsins hefur líst áhuga á að para dýrið, þar sem fyrir liggur traust til að halda ræktunarlínu. Stjórn tók erindið fyrir og vísar í reglur félagsins, reglur um skráning í ættbók, 5. kafli 3. liður:

Stjórn HRFÍ getur heimilað ræktanda að setja ræktunarbann með eða án sýningarbanns á hund úr sinni ræktun, við ættbókarskráningu hans. Skal bannið rökstutt með greinargerð sem staðfestist af kaupanda ef hann er til staðar. Stjórn HRFÍ getur eitt aflétt ræktunar- og sýningarbanni, krefjist ræktandinn þess.

Það er mat stjórnar að við útgáfu ættbókarskírteina í þessu goti hafi heldur frjálsglega verið farið með 3. lið í 5. kafla reglnanna. Stjórn HRFÍ leggst gegn slíkum vinnubrögðum.

Undanþágubeiðnir vegna augnskoðana

Félagsmaður sendi beiðni um undanþágu vegna augnskoðunar. Rökin eru að hún gerði sér ekki grein fyrir því að reglum um skráningu í ættbók hefði verið breytt þann 1. apríl 2021. Áður sagði í reglunum um hundakynið að eftir 12 mánaða aldur gildir augnvottorð ævilangt. Stjórn sér ekki ástæðu til að veita undanþágu þar sem þessar breytingar voru vel kynntar og með góðum fyrirvara.

Annar félagsmaður óskaði eftir undanþágu á kröfu um augnskoðun. Viðkomandi komst ekki með rakkann í síðustu augnskoðun og næsta skoðun er ekki fyrr en eftir áramót. Ráðgert hafði verið að tíkin mundi lóða áður en augnskoðunarvottorð rakkans rynni út. Augnskoðun rakkans féll úr gildi þann dag sem erindið barst. Stjórn sér ekki ástæðu til að veita undanþágu og er beiðni því hafnað.

Smalaeðlispróf Fjár- og hjarðhundadeildar

Stjórn HRFÍ barst umsókn um smalaeðlispróf frá stjórn Fjár-og hjarðhundadeildar þann 26. október síðastliðinn frá skrifstofu félagsins, en umsóknin hafði borist á netfangið hrfi@hrfi.is þann 19. október. Í erindinu kemur fram að stjórn deildarinnar hafi ákveðið að halda smalaeðlispróf, stefnt sé á dagana 12. -13. nóvember, hafa annan daginn uppá að hlaupa vegna veðurs.

Í almennum reglum um smalaeðlispróf og fjárhundapróf HRFÍ kemur fram að sækja skuli um prófin til stjórnar HRFÍ, með góðum fyrirvara. Þá skulu prófin

auglýst með amk þriggja vikna fyrirvara og í auglýsingu koma fram hvar prófið verði haldið, hver dæmir það og hvernig skráningu skuli háttað. Umsóknin barst, á netfangið hrfi@hrfi.is, rúmlega þremur vikum fyrir áætlaðan prófdag. Í umsókninni kom ekki fram hvar prófið yrði haldið né hver myndi dæma það. Stjórn óskaði eftir þessum upplýsingum og einnig fjárhagsáætlun vegna viðburðarins. Þá er ljóst að miðað við almennar reglur um smalaeðlispróf og fjárhundapróf HRFÍ, var fyrirvari til umsóknar og auglýsingar á viðburðinn alltof knappur. Umsókn deildarinnar er því ekki samþykkt. Þá verður ítrekað í svari til deildarinnar að þau erindi sem eiga við stjórn HRFÍ skulu berast á netfangið stjorn@hrfi.is.

Þá óskaði stjórn deildarinnar eftir þeim upplýsingum frá stjórn HRFÍ, hvaða menntun dómarar smalaeðlisprófi þurfi að hafa. Í almennum reglum um smalaeðlispróf og fjárhundapróf HRFÍ sem samþykkt eru af stjórn deildarinnar þann 14. apríl 2009 er ekkert tiltekið um slíkt. Því getur stjórn HRFÍ engu svarað í þeim efnum. Þá sendi stjórn deildarinnar fyrirspurn um starfsemi ræktunar- og staðlanefndar. Stjórn deildarinnar hefur sent erindi á nefndina vegna heilbrigðiskrafa á ný hundakyn í deildinni. Stjórn HRFÍ þætti eðlilegt verklag að stjórn deildarinnar, í samvinnu við tengiliði nýrra tegunda innan deildarinnar, settu heilbrigðiskröfur fyrir tegundirnar og sendi á stjórn HRFÍ til samþykktar. Stjórn HRFÍ telur rétt að minna á hlutverk ræktunarstjórna, en samkvæmt starfsreglum ræktunardeilda Hundaræktarfélags Íslands, gilda frá mars 2018, segir meðal annars um starfssvið ræktunarstjórna í IV.kafli;

Markmið ræktunardeilda Hundaræktarfélags Íslands er að standa vörð um ræktun viðkomandi hundakyns/kynja, að vera ráðgefandi og að miðla fræðslu eins og stendur í lögum HRFÍ.

Ræktunarstjórn er ráðgefandi aðili um allt er viðkemur ræktun, eðli og umhirðu viðkomandi hundakyns. Ennfremur ber ræktunarstjórn að fræða um sögu kynsins, heilbrigði og uppruna.

Erindi frá sýningarstjórn

Sýningarstjórn leggur til að heiðrunin fyrir stigahæstu hunda, ræktendur og öldunga fari fram eftir úrslit á sunnudegi núna í nóvember. Sýningarstjórn langar að prófa að gera úr þessu athöfn í stíl við það sem er í Danmörku og hluti af sýningarstjórn sá þegar þær voru úti á sýningunni þeirra í fyrra. Það er að heiðra fyrir 1. - 4. sæti í hverjum lið og að þetta fari fram eftir Best in Show úrslit. Stjórn samþykkir tillögunina.

Næsti fundur er áætlaður 21. nóvember næstkomandi.